

unarstjóri á Seyðisfirði og víðar, Þórunn átti Þorkel Ögmundsson í Króki í Flóa, Pálína Malena átti fyrst Jóhannes Sveinsson, og slitu þau samvistir, síðar Þórarinn Þorkelsson á Hallgeirsstöðum, og fóru þau til Vesturheims. Kona 2 (10. okt. 1863): Guðlaug (f. 2. mars 1834) Guttormsdóttir stúdents á Arnheiðarstöðum, Vigfússonar; þau bl. (Vitæ ord. 1862; Óðinn XVII; HÞ.; SGrBf.).

**Sighvatur Árnason** (29. nóv. 1823—20. júlí 1911). Hreppstj., dbrm. Foreldrar: Árni Sveinsson að Yzta Skála undir Eyjafjöllum og kona hans Jórunn Sighvatsdóttir í Skálakoti, Einarssonar. Bjó í Eyvindarholti 1843—1901, átti síðan heima í Rv. til æviloka. Þm. Rang. 1865—7, 1875—99 og 1902. Gegndi ýmsum trúnaðarstörfum. Eftir hann er: Bænakver, Rv. 1884. Kona 1 (30. apr. 1843): Steinunn (d. 7. nóv. 1883) Ísleifsdóttir á Seljalandi, Gizurarsonar. Dóttir þeirra: Jórunn átti Þorvald lögregluþjón Björnsson í Rv. Kona 2 (26. apr. 1885): Anna (d. 12. febr. 1915) Þorvarðsdóttir prests á Prestbakka á Síðu, Jónssonar. Börn þeirra: Sigríður átti Tómas kaupmann Jónsson í Rv.. Árni verzl. sst. (Summanfarli I; Alpmtal).

**Sighvatur** (Kristján) **Bjarnason** (25. jan. 1859—30. ágúst 1929). Bankastjóri í Rv. Foreldrar: Bjarni Kristjánsson í Rv. og kona hans Þorbjörg Sighvatsdóttir á Melum á Kjalar-

nesi, Jónssonar, Örnólfssonar. Komst 1873 í þjónustu Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar og í skrifstofu landshöfðingja árið eftir. Varð bókarí í landsbankanum 1885, kynnti sér bankastörf í Danmörku næsta vetur og tók við stöðunni, er landsbankinn byrjaði, jafnframt skrifari hjá landshöfðingja til 1896. Bankastjóri í Íslandsbanka frá stofnun hans (1904) til 1921. Varð um líkt leyti justitsráð að nafnbót. Gegndi ýmsum trúnaðarstörfum alla tíð frá 1887, átti sæti í bæjarstjórn í Rv. o. m. fl. Kona: Ágústa (Ástgerður Ágústa) Sifúsóttir prests að Undornfelli, Jónssonar. Börn þeirra: Emilía átti Jón lækni Kristjánsson í Rv., Þorbjörg f. k. Magnúsar héraðslæknis í Rv. Péturssonar, Bjarni bankaritari, Sifús váttryggingaumboðsmaður, Jakobína átti Georg kaupm. Gíslason í Vestmannaeyjum, Sigríður átti Hans Trybom verkfr. í Stokkh., Ásta kennari (Óðinn III; Ægir, 22. árg.; BrT.; o. fl.).

**Sighvatur Grímsson Borgfirðingur** (20. dec. 1840—14. jan. 1930). Fræðimaður. Foreldrar: Grímur Einarsson í Nýjabæ á Akranesi og kona hans Guðrún Sighvatsdóttir að Bóndhól, Jónssonar. Gerðist vinnumaður í Flatey 1861, kynntist þar Gísla Konráðssyni og handritum hans. Fór 1867 í Gufudalssveit, þaðan 1869 í Bjarnarfjörð, 1873 að Höfða í Dýrafirði og var þar til æviloka. Skrifaði upp margt

handrita Gísla Konráðssonar o. fl., ættartölubók Ólafs Snókdalins og jók, samdi prestasögur o. fl. (í Lbs.), orkti talsvert og sinni lækningum framan af. Sá um: Saga Natans eftir Gísla Konráðsson, Ísaf. 1892; Þáttur beinamáls eftir sama, Ísaf. 1895; Fjórdrápsmálið eftir sama, Ísaf. 1898; sjá og Gísli Konráðsson: Ævisaga, Rv. 1911—14; þýddi: Cyprianus, Ísaf. 1904. Eftir hann er pr.: Um verzlun, Rv. 1910; Sigurður Breiðfjörð, Rv. 1912; Útfm. Magnúsar Sigurðssonar, Ísaf. 1895 og fjöldi blaðagreina, einkum æviminninga (helzt í Þjóðviljanum). Hafði styrk frá alþingi til ritstarfa frá því skömmu eftir 1900 til æviloka og auk þess frá 1906 lífeyri frá Lbs. fyrir handrita-safn hans, er þá var keypt, en skilað að honum látnum. Kona (1865): Ragnhildur Brynjólfsdóttir í Bjarneyjum, Brynjólfs-sonar. Börn þeirra, sem upp komust: Sigríður Júlíana, Gísli, Jón Elías, Pétur úrsmiður að Sauðárkróki, Kristján klæðskeri í Rv. (Óðinn II; BrT.; o. fl.).

**Sighvatur Hálfðanarson** (—um 1305). Riddari. Foreldrar: Hálfðan Sæmundsson að Keldum og kona hans Steinvör Sighvatsdóttir, Sturlusonar. Átti með frændum sínum deilur við byskupavaldið um staðarforráð í Odda. Var einn fyrir-manna landsins á sínum tíma. Bjó lengstum á Keldum. Sonur hans: Björn að Keldum, faðir

Ólafs hirðstjóra (Dipl. Isl.; Isl. Ann.; Ob. Isl.; Bps. bmf. I; SD.).

**Sighvatur rauði** (9. og 10. öld). Landnámsmaður í Einhyrningsmörk og bjó á Bólstað. Ætt ekki rakin, „maður göfugur á Hálogalandi“. Kona: Rannveig (Geirlaus, Eg.) Eyvindsdóttir lamba. Börn þeirra: Sigmundur (faðir Marðar gígju), Bárekur (eða Hárekur) (Landnáma-bók).

**Sighvatur Sturluson** (1170—21. ágúst 1238). Goðorðsmaður, síðast á Grund í Eyjafirði, skáld. Foreldrar: Sturla Þórðarson (sjá um hann) í Hvammi í Hvammssveit og s. k. hans Guðný Böðvarsdóttir í Görðum, Þórðarsonar. Albræður: Þórður á Stað, Snorri lögsögumaður, skáld og sagnaritari. Kona: Halldóra Tumadóttir (Kolbeinsonar, af Ásbirningakyni, systir Kolbeins og Arnórs). Börn þeirra: Tumi, Sturla, Kolbeinn, Þórður kakali, Markús, Þórður krókur, Tumi, Steinvör átti Hálfðan að Keldum Sæmundsson í Odda, Jónssonar. Laundætur Sighvats: Valgerður átti Bárð Hjörleifsson að Ballará og víðar, (með Helgu Bjarnadóttur): Sigríður átti Styrmi Þórisson úr Bjarnarstaðahlíð. Bjó að Staðarhóli fyrst skamma stund, í Hjarðarholti, að Sauðafelli, á Möðruvöllum í Hörgárdal og loks á Grund. Hafði hann fengið til varðveislu fyrir Tuma, son sinn, goðorð þau, er honum